

Félag kennara á eftirlaunum

# FKE-fréttir

2. tbl. 37. árg. - maí 2017

---



Hvalsneskirkja



Frá Siglufirði



Hólar í Hjaltadal

Myndir: Halldór Þórðarson

---

## Sumarferðir FKE

Sumarferðirnar eru tvær. 18. júlí er dagsferð um Reykjanes og 29. til 31. ágúst er ferð um Tröllaskaga með gistingu tvær nætur á Hótel Sigló, Siglufirði.

**Skráningar** hefjast **fimmtudaginn 1. júní á milli kl 13:00 og 16:00** í síma KÍ: 595-1111. Þær þurfa að berast í síðasta lagi **fimmtudaginn 11. júní** og vera fyrirfram greiddar inn á **þennan reikning félagsins:**  
**>> 0313-26-004211, kennitala. 421190-1359 <<**

Látið koma fram fyrir hvern er greitt. **Taka** skal fram við skráningu hverjir vilja deila gistingu.

**Ath.** Reglan er: *Fyrstir panta og greiða - fyrstir fá.*

**Forföll** tilkynnist fljótt svo næstir á biðlista komist í staðinn.

## Dagsferð um Reykjanes 18. júlí

Farið verður frá BSÍ kl 9:00. Verð er kr 12.000  
Innifalið auk rútu er leiðsögn, hádegisverður og kvöldverður.



## Siglufjarðarferð 29. til 31. ágúst

Farið verður frá BSÍ kl 9:00 og gisti í 2 nætur á Hótel Sigló.  
Innifalið morgunverður, hádegisverður, kvöldverður og aðgangur á söfn.

- Verð er: kr 90.000 í tveggja manna herbergi.  
kr 130.000 í eins manns herbergi.
29. ágúst. Ekið til Siglufjarðar um Fljótin og Strákagöng,  
hádegisverður á Hótel Laugarbakka
30. ágúst. Siglufjörður og nágrenni
31. ágúst. Ekið til Reykjavíkur um Ólafsfjörð, Eyjafjörð og  
Öxnadalshéiði, hádegisverður á Hótel Varmahlíð

**FKE-fréttir** - þetta tölublað - verður borið heim til þeirra sem ekki hafa uppgið netfang. Það flýtir dreifingu og minnkar kostnað félagsins ef allir sem hafa netfang - en fengu samt þetta eintak borið heim að dyrum láta vita af netfanginu sínu með því að senda póst á [hallth44@gmail.com](mailto:hallth44@gmail.com).

**Allir sem eru á netpóstskrá félagsins** fá blaðið sent í netpósti. Þannig sparast félaginu sendingarkostnaður um leið og það hraðar afhendingu blaðsins til þeirra félagsmanna.

## Fundargerð aðalfundar FKE 2017

Um 35 manns sóttu aðalfund Félags kennara á eftirlaunum, sem haldinn var á Grand Hótel 6. maí s.l.

Á dagskrá voru hefðbundin aðalfundarstörf.

Hagur félagsins er allgóður og er lagt allt kapp á að nýta fjármuni félagsins í þágu félagsmanna.

Samþykkt var sú breyting á lögum félagsins að aðalfundur verður framvegis haldinn í apríl í stað maí áður.

Þóra Guðmundsdóttir formaður hætti störfum þar sem sex ára stjórnarsetu hennar lýkur nú í vor samkvæmt lögum FKE og var Pétur Bjarnason kosinn formaður í hennar stað, en hann var áður ritari stjórnar.

Aðrir stjórnarmenn gáfu kost á áframhaldandi stjórnarsetu og Sigurlín Sveinbjarnardóttir kom ný inn í stjórnina.

Helstu verkefni framundan eru sumarferðir á vegum félagsins, kynning á félaginu í samstarfi við KÍ svo og að skipuleggja dagskrá næsta vetrar.

### Stjórn FKE

Frá vinstri: Guðmundur Kristmundsson, Kristján Sigfússon, Pétur Bjarnason, Þóra A. Guðmundsdóttir fráfarandi formaður, Guðrún L. Ásgeirsdóttir, Guðrún Ólafía Samúelsdóttir, Sigurlín Sveinbjarnardóttir.



Myndirnar tók Gísli Ó. Pétursson

## Upplýsingar um FKE á vefnum

Nýr vefur félagsins er á vef KÍ undir valmyndinni *Aðildarfélög*. Þar birtast tilkynningar og upplýsingar um viðburði sem félagið stendur fyrir.

Einnig er þar að finna tengil á eldri vef félagsins, *FKEfrettir.net* þar sem lesa má sögu félagsins allt frá upphafi. Þar eru einnig myndir frá þeim viðburðum sem félagið hefur skipulagt og framkvæmt á liðnum árum.

### Þekkir þú kennara sem eru að ljúka störfum?

Bentu þeim á að skrá sig í FKE. Eitt símtal nægir.

Fjola Ósk Gunnarsdóttir í Kennarahúsinu tekur við skráningum í síma 595-1111 – og í netfangið [fjola@ki.is](mailto:fjola@ki.is).

Aðild að félaginu er ókeypis auk þess sem skráningin viðheldur FKE-aðgangi að Orlofssjóðnum.

Markmið okkar er að sem flestir kennarar, sem hættir eru störfum, njóti þess sem félagið hefur að bjóða.

### Stjórn Félags kennara á eftirlaunum:

Pétur Bjarnason .....	892 0855 .....	<a href="mailto:peturbjarna@internet.is">peturbjarna@internet.is</a>
Kristján Sigfússon .....	867 4831 .....	<a href="mailto:ksigfusson@yahoo.com">ksigfusson@yahoo.com</a>
Guðrún Lára Ásgeirsdóttir .....	896 5457 .....	<a href="mailto:glasg@simnet.is">glasg@simnet.is</a>
Guðmundur Kristmundsson ..	864 4702 .....	<a href="mailto:gudkrist@hi.is">gudkrist@hi.is</a>
Guðrún Ólafía Samúelsdóttir ..	864 9669 .....	<a href="mailto:mosarima35@simnet.is">mosarima35@simnet.is</a>
Halldór Þórðarson .....	893 6099 .....	<a href="mailto:hallth44@gmail.com">hallth44@gmail.com</a>
Sigurlín Sveinbjarnardóttir .....	898 2488 .....	<a href="mailto:sigurlinsv@simnet.is">sigurlinsv@simnet.is</a>